

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 13. nóvember 2007, kl 17:15.

Mætt: Elliði Vignisson, Gunnar Friðfinnsson, Ólafur Elísson, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Sveinn Magnússon, Haraldur Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið og það helsta framundan.

Formaður setti fund og síðan rakti skólameistari það helsta úr skólastarfinu. Aðstoðarstjórnendur, Baldvin og Helga (sem er reyndar í leyfi) brugðu sér í kynnisferð til Glasgow. Kennarar settust á námskeið til að læra betur á Word og Exel 2007. Stjórnendur skólans og verkefnisstjóri þróunarverkefnis héldu, fund með stjórnendum Grunnskólans, Helstu umræðuefnin voru: Úrræði fyrir slakasta hluta nemenda og tengsl skólastiganna, lífsleiknibraut í 9. bekk og hvort það ætti að taka bestu nemendurna inn í FÍV beint úr 9. bekk, skólaböll FÍV og dimmittering stúdentsefna. Stór hluti kennara og starfsfólks fékk flensubólusetningu (17 manns). Vetrarfrí var síðan þann 26. okt og um svipað leyti fór fram forval á keppendum í spurningakeppni framhsk. Nemendur tóku einnig þátt í knattspyrnumóti framhaldsskólanna og komust kvenna og karlalið skólans í úrslitakeppnina, sem haldin var á Akureyri 3. nóvember. Þar sýndu nemendur fyrirmyndarhegðun og voru okkur til sóma, svo eftir var tekið. Val nemenda fyrir næstu önn stendur yfir. Framundan eru svo próf og útskrift, prófin byrja 1. desember, en útskrifað verður laugardaginn 15. desember kl 11 fyrir hádegi. Lögð voru fram drög að starfsáætlun vorannar 2008 og yfirlit yfir nemendur sem hætt hafa á haustönninni. Fundarmenn spurðu síðan um ýmis atriði og lýstu að lokum ánægju með að nemendur stæðu sig svona vel og bæti þar með ímynd skólans.

2. Vélstjórnarbraut – breytingar framundan.

Nú liggja fyrir hjá menntamálaráðuneytinu tillögur að breyttri skipan vélstjórnarnáms og á atvinnuréttindum vélstjóra. Í dag eru lægstu réttindin, vélavarðarréttindi eða 375 kW, en þau fást eftir eina önn í skóla (19 einingar). Annað stigið er nú 750 kW og er tveggja ára nám (85 einingar). Nýja skipulagið gerir ráð fyrir fyrstu réttindum eftir eitt ár í skóla (38 einingar) og veita þau 750 kW réttindi eftir tilskilinn siglingatíma, en þó ekki fyrr en við 18 ára aldur. Annað stigið verður 3 ár (126 einingar) og kemur til með að gefa 1500 kW réttindi. Skólinn ætlar að bjóða vélavarðarnámið á næstu önn og er það síðasta tækifærið til að ná sér í þau réttindi.

3. Önnur mál.

Lagt var fram yfirlit um nám í frumgreinadeild Keilis (á keflav.flugvelli). Formaður lagði til að ráðinn yrði ráðgjafi til að aðstoða skólann við stefnumótun og úrvinnslu þeirra mörgu hugmynda sem verið hafa til umræðu undanfarið. Líflegar umræður urðu um málið og áherslur í næstu framtíð. Formanni og skólameistara var falið að fara yfir málið fyrir næsta fund. Haraldur fór svo yfir það helsta úr félagslífinu.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 11. desember kl 17:15

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19
Ólafur H. Sigurjónsson.